

Tillaga	A 1980/UKK
Flytjandi	Flokkahópur miðjumanna
Afgreiðsla	Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Þingmannatillaga um fjölmiðlastyrki fyrir tungumálahópa og minnihlutahópa sem eru dreifðir milli margra norrænna landa

Flokkahópur miðjumanna leggur til að Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

- að hefja umræður um hvernig afnema megi stjórnsýsluhindranir sem hafa áhrif á miðla sem eru ætlaðir minnihlutahópum og tungumálahópum sem eru dreifðir milli margra norrænna landa

Bakgrunnur

Mismunandi er hvernig opinberum stuðningi við fjölmiðla er háttað í norrænu löndunum. Í mörgum landanna eru einhvers konar fjölmiðlastyrkur veittur. Í sumum tilfellum hafa aðrar lausnir komið í stað styrks. Í grundvallaratriðum er eðlilegt að löndin geti valið sér mismunandi leiðir til að veita slíkan stuðning. En að því er varðar til dæmis miðla sem ætlaðir eru tungumálasamfélögum sem eru til í fleiri en einu landi getur munurinn milli norrænu landanna skapað vandamál.

Í Svíþjóð afhenti ríkisstjórnin nýlega skýrslu á þinginu um fjölmiðlastyrki framtíðarinnar. Þar kemur fram að í svari Samþingsins sé bent á að fyrir fjölmiðla á samískri tungu væri óskandi að fjölmiðlastyrkir væru byggðir á öllum lesendahópi þeirra en ekki aðeins þeim sem búa innan landamæra Svíþjóðar. Svar ríkisstjórnarinnar við þessu var að ekki sé hægt nýta sænskt skattfé á þennan hátt fyrir erlenda ríkisborgara. En í samhengi Sama hafa landamæri lítið vægi. Þar snýst malið frekar um að hafa tækifæri til að skapa eins traust fjölmiðlalandaslag og hægt er á eigin tungu.

Formlega séð gæti verið hægt að sækja um fjölmiðlastyrki í hverju þessara landa. Slíkt hefur þó í för með sér litla ritstjórn og töluverða aukavinnu.

Í ljósi ofangreinds er ástæða til að íhuga hvernig norrænt samstarf getur auðveldað aðstæður sem þessar. Það væri æskilegt að Norræna ráðherranefndin hefði frumkvæði að því að hefja samræður um hvernig bregðast megi við stjórnsýsluhindrun sem þessari. Í grunninn eru lifandi fjölmiðlar Norðurlöndum til góða með því að endurspegla samfélagið á skiljanlegan hátt, einnig fyrir minnihlutahópa.



Osló, 30. október 2023

Simon Holmström (HI)
Catarina Deremar (C)
Hanna Katrín Friðriksson (Vr)
Heidi Greni (Sp)
Jouni Ovaska (cent)
Anna Falkenberg (SP)
Kathrine Kleveland (Sp)
Jeppé Søre (M)
Ola Elvestuen (V)
Krista Mikkonen (gröna)

Rebecka Le Moine (MP)
Helena Gellerman (L)
Guðmundur Ingi Kristinsson (Flf)
Kjerstin Wøyer Funderud (Sp)
Johan Dahl (sb)
Mikko Ollikainen (sv)
Mikael Lindholm (ÅC)
Hans Christian Schmidt (V)
Markku Siponen (cent)